

15. gr.

Lífeyrir greiðist árlega 1. dag júnimánaðar, og þá beint til hlutaðeiganda. Lífeyri til barna veitir móttöku fjárráðamaður þeirra. Áður en tryggingarstofnunin greiðir lífeyri, skal hún fá uppgefinn embættisaldur viðkomandi hjá sjóðsstjórninni.

86

11. júní

16. gr.

Umsóknir um lífeyri úr sjóðnum skulu sendar formanni sjóðsins fyrir 1. des. ár hvert, og skal tekið fram, hve lengi og hvar viðkomandi hefir starfað.

17. gr.

Ljósmóðir, sem lætur af störfum án þess að fá lífeyri úr sjóðnum, skal fá endurgreidd iðgjöld þau vaxtalaust, er hún hefir lagt í sjóðinn.

18. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa 1. jan. 1940, enda hafi þá iðgjöld verið greidd fyrir yfirstandandi ár og næsta ár (1938 og 1939) og rikissjóðstillagið fyrir árið 1939. Jafnframt því, sem lög þessi öðlast gildi, fellur úr gildi 5. gr. ljósmæðralaga, nr. 17 19. júní 1933.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

L Ö G

87

11. júní

um breyting á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 2. málsgr. 12. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Við veitingu læknishéraða, sem í eru færri en eitt þúsund íbúar aðrir en þeir, sem eiga jafnframt rétt til læknisvitjunar í önnur héruð, er ráðherra heimilt að ákveða, að launin skuli þegar frá upphafi greiðast með fullri aldursuppbót.

2. gr.

Á eftir 2. málsgr. 22. gr. sömu laga komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Við veitingu prestakalla er ráðherra heimilt að ákveða, að launin skuli þegar frá upphafi greiðast með fullri aldursuppbót, enda séu athugaðir, í samráði við hlut-

87 aðeigandi söfnuði, möguleikar fyrir samsteypum prestakalla, er spari ríkissjóði álika 11. júní upphæð og um er að ræða til aukinna útgjalda með ákvæði þessu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

88

11. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 1 3. jan. 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Í lögreglusamþykktum má setja reglur um: Sölu og dreifingu hverskonar varnings utan sölubúða og að einstakar vörutegundir megi aðeins selja í búðum, sem fullnægja vissum skilyrðum; að leyfi bæjarstjórnar þurfi til þess að hafa fasta afgreiðslu bifreiða og annara flutningatækja á tilteknum stað eða í tilteknu húsnæði; að leyfi byggingarnefndar eða fulltrúa hennar þurfi til þess að setja upp föst skilti, auglýsingar og ljósaskreytingar, sem snúa að almannafæri eða sjást þaðan.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónsson.